

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 04.05 2026

Fundarstaður: Spíran, Álfabakka 6, 109 Reykjavík **Fundartími:** 17:00

Mætt: Ágúst Guðjónsson, Jón Trausta Harðarson, Katrín Jónsdóttir, Málfríður Finnbogadóttir, Stephen Hannah og Tryggvi Þór Agnarsson.

Forföll: Ævar Rafn Kjartansson.

Dagskrá fundar:

1. Skipan stjórnar
2. Starfið framundan
3. Dagur prents og hönnunar
4. Hlutir til varðveislu
5. Önnur mál

1. Skipan stjórnar

Stjórnin hefur skipt með sér verkum. Jón Trausti Harðarson formaður, Ævar Rafn Kjartansson varaformaður, Katrín Jónsdóttir ritari, Tryggvi Þór Agnarsson gjaldkeri, Ágúst Guðjónsson meðstjórnandi, Málfríður Finnbogadóttir og Stephen Hannah varamenn.

2. Starfið framundan

Farið var yfir næstu skref við uppsetningu sýningarinnar í Skálholti. Fram undan er smíði sýningarbökkja og uppröðun gripa í rýminu áður en hugað verður að lokafrágangi þeirra. Samhliða því verður unnið að því að ferja muni úr geymslugámi við fyrsta tækifæri. Til umræðu kom efnisval á sýningarkössum, þar sem bent var á að gler væri mjög þungt í vinnslu, ákveðið að kanna aðra léttari valkosti til vara. Þá var tekinn saman listi yfir atriði sem þarfnast úrlausnar varðandi frágangsmál á staðnum.

Rætt var það markmið að opna á Skálholtshátíð þann 18–19 júlí því það gæti reynst tæpt og var 7. nóvember því hafður til vara ef áætlanir ganga ekki eftir. Að lokum var lögð áhersla á forgangs röðun verkefna og mikilvægi þess að fá svör frá staðarhaldara varðandi þá vinnu sem heyrir undir þeirra verksvið.

3. Dagur prents og hönnunar

Farið var yfir þátttöku á sýningunni „Dagur prents og hönnunar“ sem haldin verður þann 13. maí næstkomandi. Markmið þátttökunnar er að auka sýnileika starfseminnar og kynna helstu verkefni, auk þess sem Málfríður mun flytja erindi á sýningunni. Á fundinum kom fram að

frekari upplýsingar skorti um nánara fyrirkomulag og framkvæmd sýningarinnar. Jón tók að sér að kanna þau mál nánar og upplýsa hópinn um leið og svör liggja fyrir. Í framhaldi af því verður hægt að fullmóta framsetningu á básnum og skipuleggja mönnun hans.

4. Hlutir til varðveislu

Farið var yfir stöðu muna sem tengjast Ísafold, en fyrirtækið er komið í þrot. Ákveðið var að hafa samband við skiptastjóra búins til að ræða endurheimt þeirra hluta. Jafnframt var rætt um þörfina á að skoða muni sem enn eru í geymslu í Alpaka-húsinu á Eyrarbakka. Ekki liggur fyrir nákvæmt yfirlit yfir þá muni sem eru þar í geymslu, Jón ætlar að kanna málið og skrá þá muni sem þar er að finna.

5. Önnur mál

- a. Hagstofan óskaði eftir gögnum um rannsóknar- og þróunarstarf fyrir starfsárið 2025-2026. Katrín tekur saman texta.
- b. Endurvakin var hugmynd um að stofnun öldungaráðs með áhugasömum, reynslumiklum heldri félögum sem geta jafnvel aðstoðað okkur eftir þörfum með t.d. upplýsingar um starfshætti eldri tíma.
- c. Ágúst er búin að láta gera við prentpressu fyrir sýningu, í hana vantar þó nýja valsa. Hann lagði til að við keyptum nýja, það var samþykkt.

Fundi slitið 18:34

Katrín Jónsdóttir, ritaði.